

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 4/2016**

Kæra Árna Stefáns Árnasonar á ákvörðun Neytendastofu nr. 32/2016.

1. Þann 20. október 2016 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 4/2016: Kæra Árna Stefáns Árnasonar á [ákvörðun Neytendastofu nr. 32/2016](#) frá 29. júlí 2016. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Egill Heiðar Gíslason.
2. Með kæru, dags. 29. júlí 2016, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 32/2016 frá 29. júní 2016 um að hann hafi með skráningu og notkun lénsins dyraverndarinn.is og notkun orð- og myndmerkisins DÝRAVERNDARINN brotið gegn 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með ákvörðuninni var kæranda bönnuð notkun fyrrgreinds auðkennis, auk þess sem honum var gert að afskrá lénið dyraverndarinn.is hjá ISNIC lénaskrá. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

**MÁLAVEXTIR**

4. Með bréfi Dýraverndarsambands Íslands, dags. 1. október 2015, var kvartað yfir notkun kæranda á léninu dyraverndarinn.is, heitinu Dýraverndarinn og myndmerki með sama heiti. Í bréfinu kemur fram að Dýraverndarsambandið hafi árin 1915-1983 gefið út tímaritið Dýraverndarann og hafi á fimmta hundrað tölublöð verið gefin út. Útgáfan hafi síðan verið endurvakin árið 2012 og sé tímaritið nú sent áskrifendum, auk þess sem það sé hægt að nálgast í verslunum Eymundsson, í Líflandi og á nokkrum dýralæknastofum. Sambandið hafi eitt rétt til notkunar á umræddu vörumerki, en þrátt fyrir það hafi kærandi skráð lénið dyraverndarinn.is hjá ISNIC og notað heitið yfir tiltekna Facebook síðu. Skráning kæranda á léninu, og notkun á auðkenninu almennt, geti leitt til þess að villst verði á því og því auðkenni sem Dýraverndarsamband Íslands eigi, sbr. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og 5. gr. sömu laga. Sé þess því óskað að Neytendastofa banni kæranda umrædda notkun auðkennisins. Bréfinu fylgdu m.a. ljósrit af forsíðum tímaritsins Dýraverndarinn og útprentun einkaleyfis frá Einkaleyfastofunni.
5. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 5. október 2015, var honum boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum og skýringum við fram komið erindi. Svar barst með bréfi, dags. 28. október 2015, þar sem því var alfarið hafnað að notkun kæranda á heitinu Dýraverndarinn

bryti gegn lögum nr. 57/2005. Í kjölfarið bauð Neytendastofa Dýraverndarsambandi Íslands að tjá sig um bréf kæranda og loks gaf hún kæranda færi á að koma að frekari athugasemdum kysi hann það. Lauk málinu síðan með hinni kærðu ákvörðun, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu sem fyrr greinir. Var ákvörðunin kynnt kæranda 30. júní 2016, sbr. meðfylgjandi birtingarvottorð Neytendastofu.

## **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

6. Í kæru, dags. 29. júlí 2016, sem fram kom með tölvubréfi kæranda til áfrýjunarnefndarinnar, segir að kæranda hafi verið afhent hin kærða ákvörðun 29. júní 2016. Samkvæmt henni sé fjögurra vikna lögbundinn frestur til að kæra ákvörðunina frá dagsetningu hennar. Samkvæmt síðu áfrýjunarnefndarinnar sé sá frestur hins vegar talinn frá því að aðila máls hafi verið tilkynnt um ákvörðun. Fyrir liggir að ákvörðunin, sem kærandi hafi tekið á móti og skrifað undir, hafi verið kynnt honum síðar. Kærandi hafi óskað eftir 7 daga framlengingu á frestinum hjá Neytendastofu miðað við 29. júní og hafi þá verið ókunnugt um að fresturinn miðaði við hvenær honum hefði verið kynnt ákvörðunin. Hann hafi síðan óskað eftir framlengdum fresti vegna veikinda, enda hefði Neytendastofa ekki „þegar þetta er skrifað geta veitt mér uppl. um hvenær ákvörðun var kynnt mér. Ég get heldur ekki séð síðasta símtal í símanúmeraskráningu símans míns en síðasta símtal frá Neytendastofu var þegar ég komst að samkomulagi við hana um afhendingu. Mín skráning nær ekki lengra aftur en til 4. júlí.“
7. Í öðru tölvubréfi kæranda til áfrýjunarnefndarinnar, dags. 30. júlí 2016, segir að Neytendastofa hafi upplýst kæranda um að ákvörðunin hafi verið kynnt honum 30. júní. Kærandi óski eftir framlengdum fresti til þess að leggja fram kæru og vísi því sambandi til þess að hann hafi verið illa haldinn af kvefi. Í tölvubréfinu eru síðan raktar nokkrar athugasemdir kæranda vegna hinnar kærðu ákvörðunar, en vegna þess sem síðar greinir er óþarfi að rekja efni þeirra nánar. Í kjölfarið fóru fram nokkur tölvubréfssamskipti á milli áfrýjunarnefndarinnar og kæranda þar sem kærandi vísaði m.a. til þess að Neytendastofa hefði leiðbeint sér um að upplýsa áfrýjunarnefndina um hagi sína og óska eftir fresti til þess að koma að athugasemdum vegna málsins. Hefði Neytendastofa tjáð sér að nefndin tæki það „gott og gilt ef áfrýjunarnefndinni yrði tilkynnt með stuttri greinargerð áður en kærufrestur rynni út að rökstudd kæra bærisk“. Í tölvubréfi, dags. 10. ágúst 2016, sem Neytendastofa sendi nefndinni og kæranda í tilefni þessa, kom fram að kærandi hefði ekki haft rétt eftir fulltrúa stofnunarinnar. Honum hefðu verið veittar þær upplýsingar að stofnunin gæti ekki framlengt kærufrestinn fyrir sitt leyti, en honum hefði hins vegar verið bent á þann möguleika að óska eftir því við nefndina að senda inn stutta kæru innan frestsins en fá síðan viðbótarfrest til þess að skila greinargerð með frekari athugasemdum.
8. Með tölvubréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 10. ágúst 2016, var óskað eftir greinargerð Neytendastofu vegna málsins. Í greinargerð stofnunarinnar, dags. 23. ágúst 2016, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Þar er ennfremur tekið fram að hin kærða ákvörðun hafi verið birt kæranda 30. júní 2016 og því hafi síðasti dagur til að leggja fram kæru verið 29. júlí 2016. Þar eru að öðru leyti rakin sjónarmið stofnunarinnar í tilefni af kæru

kæranda, en í ljósi þess sem hér kemur á eftir er ekki ástæða til þess að gera frekari grein fyrir þeim. Með bréfi nefndarinnar til kæranda, dags. 29. ágúst 2015, og í nokkrum tölvubréfum á eftir, var kæranda boðið að koma að athugasemdum sínum við greinargerð stofnunarinnar, en engar athugasemdir bárust.

## **NIÐURSTAÐA**

9. Kæran í máli þessu lýtur að ákvörðun Neytendastofu frá 29. júní 2016 þar sem kæranda var bannað að nota auðkennið Dýraverndarinn. Mun kæran hafa borist áfrýjunarnefnd neytendamála með tölvubréfi, dags. 29. júlí 2016.
10. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu skal skrifleg kæra berast áfrýjunarnefndinni innan fjögurra vikna frá því að aðila var tilkynnt um hina kærðu ákvörðun. Hin kærða ákvörðun var móttækin af hálfu kæranda hinn 30. júní 2016, sbr. fyrirliggjandi birtingarvottorð sem undirritað er af kæranda sjálfum. Því er ljóst að þann dag var kæranda tilkynnt um ákvörðunina í skilningi fyrrgreinds ákvæðis. Af því leiðir að hinn fjögurra vikna kærufrestur rann út hinn 28. júlí 2016 eða degi áður en kærandi sendi áfrýjunarnefndinni kæruna.
11. Kemur þá til skoðunar hvort 28. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 leiði til þess að kæran skuli engu að síður tekin til efnismeðferðar, en samkvæmt ákvæðinu skal kæru sem berst að liðnum kærufresti vísað frá nema afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr, eða veigamiklar ástæður mæla með því að kæran verði tekin til meðferðar. Við mat á því hvort afsakanlegt verði talið að kæra hafi ekki borist fyrr í skilningi 1. mgr. 28. gr. stjórnarsýslulaga skiptir m.a. máli hvort viðkomandi stjórnvald hafi leiðbeint kæranda um kæruehimild, en í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 37/1993 segir þannig að dæmi um þær aðstæður sem ákvæðið taki til sé þegar lægra sett stjórnvald hafi vanrækt að veita leiðbeiningar um kæruehimild samkvæmt 20. gr., eða veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Af gögnum málsins verður ráðið að engri slíkri vanrækslu er fyrir að fara í máli þessu, enda ljóst að Neytendastofa mun hafa gert kæranda ljóst við birtingu hinnar kærðu ákvörðunar að kærufresturinn væri fjórar vikur frá þeim degi, sbr. fylgibréfi sem fylgdi hinni kærðu ákvörðun, dags. 29. júní 2016. Þrátt fyrir yfirlýsingar kæranda um að leiðbeiningum stofnunarinnar hafi í einhverjum atriðum verið áfátt að þessu leyti verður því ekki fallist á að réttlætanlegt sé að víkja frá kærufrestinum á slíkum forsendum. Að öðru leyti hefur kærandi ekki fært fyrir því viðhlítandi rök að víkja beri frá meginreglu 3. mgr. 4. gr. í máli þessu, enda teljast ástæður á borð við kvef eða misskilning um kærufrest ekki til þeirra atriða sem haft geta slík áhrif.
12. Samkvæmt öllu framansögðu verður kærundi vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.

## ÚRSKURÐARORÐ

Kærinni er vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Egill Heiðar Gíslason